

5. Raunhæft verkefni, námskeið vorið 2011

Skólaakstur

Þú ert fulltrúi í skólanefnd og nýverið hefur sveitarstjórn samþykkt nýjar reglur um skólaakstur sem fela í sér að skólaakstur er einungis utan 3 km. radíuss frá skóla. Reglurnar voru afgreiddar í tengslum við samþykkt nýrrar fjárhagsáætlunar. Sveitarfélagið á við fjárhagserfiðleika að stríða. Kostnaður vegna skólaaksturs hefur aukist ár frá ári þannig að það var talið nauðsynlegt að skera þjónustuna niður. Fyrir liggur að þjónusta sveitarfélagsins við skólaakstur hefur verið mun meiri en þekkt í flestum sveitarfélögum. Niðurskurðurinn hefur valdið óánægju meðal foreldra og margir orðið til þess að mótmæla nýjum reglum.

Pegar þú ert í heita pottinum í sundlaug sveitarfélagsins tekur þig tali maður sem þú hefur oft hitt í laugunum og ert málkunnugur. Honum er mikið niðri fyrir vegna nýju reglnanna og segir þér frá því að þær komi illa niður á barnabarni hans sem er 7 ára. Aðstæður séu þær að sonur sinn búi ásamt fjölskyldu sinni í húsi, sem eitt sinn var bóndabær, rétt innan við 3 km radíusinn. Hús fjölskyldunnar sé staðsett á opnu óbyggðu svæði og barnið þurfi að ganga að hluta til eftir óupplýstum vegi á bersvæði. Foreldrarnir hafi ekki tök á því að aka barninu. Þau eigi aðeins einn bíl sem faðirinn noti til að komast til vinnu áður en skólinn og skólaathvarfið opna á morgnana. Móðirin sé heimavinnandi. Þú hafðir ekki gert þér grein fyrir að nýju reglurnar myndu hafa þessar afleiðingar og minnst þess ekki að minnisblað forstöðumanns fræðsluviðs hafi komið inn á þetta.

Hvernig bregstu við?

- 1. Tekur þú undir að það sé ekki nógu gott að 7 ára gamalt barn þurfi að ganga aleitt í myrkri og í öllum veðrum eftir óupplýstum vegi og að þú munir gera þitt til þess að leita lausna í málinu?*
- 2. Lofar þú að skoða málið, án þess að gefa meira út á það, og hafa samband við hann aftur?*
- 3. Útskýrir þú fyrir honum að þessar breytingar hafi verið óhjákvæmilegar? Kostnaður vegna skólaaksturs hafi verið orðinn óheyrlægur og sveitarfélagið í erfiðleikum með að fullnægja lágmarksskyldum sínum samkvæmt grunnskólalögum. Rétt hafi þótt að nýta fjármagnið til að sveitarfélagið geti staðið betur að grunnþjónustu sinni sem nýtist öllum nemendum. Það sé nauðsynlegt að hafa skýrar reglur og einhvers staðar verði að vera skurðpunktur. Fólk, sem hafi valið að búa utan við skipulögð hverfi, verði að taka afleiðingunum af því. Það sé ekki forsvaranlegt að sveitarfélagið sé að kosta meiru til að þjónusta slíka íbúa á kostnað annarra.*

Þú ákveður að óska eftir því við formann skólanefndar að málið verði aftur sett á dagskrá næsta fundar nefndarinnar því í hjarta þínu ertu þeirrar skoðunar að það sé óforsvaranlegt að láta barn á þessum aldri ganga eitt þessa leið í myrkri á veturnum þegar allra veðra er von. Þér gremst líka að þér finnst sem málið hafi ekki verið nægilega vel undirbúið af hálfu starfsmanna bæjarins sem hefðu átt að gera betur grein fyrir afleiðingum reglnanna að þessu leyti. Í ljós kemur á fundinum að meiri hluti nefndarmanna f telur ekki rétt að bregðast við. Nefndin sé nýbúin að kynna reglurnar og þær fengið umfjöllun í skólaráði eins og vera ber skv. reglum¹ um skólaakstur. Það hafi verið óhjákvæmilegt að fara í sparnaðaraðgerðir. Eins og viðbúið var hafi nýju reglurnar valdið óánægju meðal foreldra en öldurnar sé að lækja. Það sé ekki hægt að breyta reglunum út af þessu eina tilviki. Það myndi hleypa málinu upp að nýju. Þér er ljóst að þú gætir líklegast fengið minnihlutann í nefndinni í lið með þér ef þú leggur fram tillögu í málinu og fengið hana samþykka því meirihlutinn hefur aðeins einn fulltrúa umfram minnihlutann.

Hvað gerir þú?

1. Ákveður þú að beygja þig undir rök samherja þinna og meirihluta nefndarinnar?
2. Leggur fram tillögur í sveitarstjórn um að starfsmönnum bæjarins verði falið að taka saman greinargerð um hvaða afleiðingar hinar nýju reglur hafa haft fyrir nemendur með hliðsjón af þeim kvörtunum sem hafa borist?
3. Leggur fram tillögur um breytingu á reglunum til að tryggja skólaakstur fyrir þetta barn með hliðsjón af aðstæðum?

¹ reglur nr. 656/2009, 3. grein.